

FORNLEIFASKRÁNING VEGNA DEILISKIPULAGS AUSTAN NORÐURBRAUTAR, HVAMMSTANGA



Inngangur

Gerð var fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026. Breytingin felur í sér að hluta af landnotkun af opnu svæði austan Norðurbrautar/Vatnsnesvegjar er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu (VP-9). Um er að ræða 1,2 ha reit sem afmarkast af Norðurbraut/Vatnsnesvegi úr vestri, Hvammavegi úr suðri og að lóðamörkum sláturhússins úr austri og aðkeyrsluvegi úr norðri.


Undirrituð var fengin til verksins. Vettvangsrannsókn fór fram þann 11. maí og var gengið yfir svæðið og það athugað með tilliti til fornleifa. Einnig voru kannaðar ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrár, ljósmyndir, jarðaúttektabók Kirkjuhvammshrepps 1880-1906, jarðalýsingar og kort. Einnig var talað við Björn Þóri Sigurðsson og hann spurður um umrætt svæði.

Deiliskipulagssvæði austan Norðurbrautar

Umrætt svæði er staðsett á landi sem áður tilheyrði jörðinni Kirkjuhvammi en tilheyrir nú kaupstaðnum Hvammstanga. Reiturinn er norðan við núverandi íbúðarhúsabyggð í bænum en vestan við Sláturhús Kaupfélags Vestur-Húnavatnanna. Jarðlýsing

Kirkjuhvammshrepps í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns leiddi í ljós að ólíklegt sé að áður fyrr hafi mannvirki staðið á umræddu svæði. Rannsókn annarra

heimilda staðfestu þann grun. Engin skráð örnefni á svæðinu er að finna í örnefnaskrá. Ekki er vísað í mannvirki á þessu svæði í jarðaúttektarbók Kirkjuhvammshrepps frá árunum 1880-1906. Í bókinni er að finna úttekt á jörðinni Kirkjuhvammi frá 29. júlí 1899 sem gerð var af þáverandi úttektamönnum Kirkjuhvammshrepps, þeim Bjarna Bjarnasyni frá Ytri-Völlum og Eggerti Jónssyni frá Ánastöðum.¹ Í fyrsta bindi af *Sögu Hvammstanga og hins forna Kirkjuhvammshrepps* er ekki getið um mannvirki eða aðrar minjar á umræddu svæði. Einnig var rætt var við Björn Þóri Sigurðsson varðandi svæðið og hann kveðst ekki muna eftir mannvirkjum, örnefnum eða öðrum minjum á reitnum.



Niðurstaða

Ólíklegt er að fornleifar séu til staðar á fyrirhuguðu deiliskipulagssvæði. Við vettvangsskoðun sáust engin merki um minjar.



11.05.2016

Sólveig Hulda Benjamínsdóttir
Forstöðumaður safna í Húnaþingi vestra

¹ Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu. VHun1. Kirkjuhvammshreppur (óskráð). Jarðaúttektabók fyrir Kirkjuhvammshrepp frá vordögum 1880. Bls. 155-160.